



Fréttabréf BKR

Desember 2013

FRÉTTIR

MYNDIR FRÁ STARFINU

Yfirlit fréttabréfsins

Sú nýjung var tekin upp sl. vor að senda reglulegt fréttabréf stjórnar BKR til félagsmanna aðildarfélaganna bandalagsins til þess að styrkja upplýsingaflæðið um starfsemina. Margt áhugavert og skemmtilegt hefur gerst frá útgáfu síðasta fréttabréfs og spennandi tímar framundan hjá Bandalagi kvenna í Reykjavík.

Upplýsinga- og kynningarmál

Stjórn BKR hefur sett mikinn kraft í að auðvelda aðgengi að upplýsingum um starfsemi BKR og aðildarfélaganna. Liður í þessu átaki er ný heimasíða Bandalags kvenna í Reykjavík, www.bkr.is þar sem finna má upplýsingar um starfsemi BKR og aðildarfélögin.

Einnig hafa birst viðtöl við formann BKR í dagblöðum, m.a. í [Fréttatímanum í júní 2013](#) og [Morgunblaðinu 15. september](#). Þá mætti formaður BKR einnig í viðtal hjá [Sirrý á sunnudagsmorgni á Rás 2 þann 27. október](#) og ræddi þar m.a. hlutverk og markmið BKR og starfsemi kvenfélaganna.

Í upphafi árs mun BKR birta auglýsingar á Facebook þar sem konur verða hvattar til þess að kynna sér starfsemi aðildarfélaganna og taka þátt. Sjá nánar bls. 2.

Styrkir BKR til rannsókna á áherslusviðum BKR

Stjórn BKR hefur ákveðið að veita reglubundið styrki til rannsókna á áherslusviðum Bandalagsins. Að þessu sinni ákvað stjórnin að auglýsa styrk til ritunar MA-ritgerðar um birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum. Styrkurinn verður afhentur í tvennu lagi samkvæmt samkomulagi sem gengið var frá 21. nóvember sl. Sjá nánar bls. 2.

Stefnumótunarvinna og markmiðasetning

Hafin er vinna að nýrri stefnuskrá fyrir BKR sem skal ná til næstu 3-5 ára og mun hún byggja á þeirri stefnumótunarvinnu sem aðildarfélögin unnu á haustfundi BKR 2013. Þar verður fjallað um markmið og verkefni BKR á því tímabili en BKR fagnar 100 ára afmæli sínu árið 2017.

Áætlað er að leggja fram drög að stefnuskrá á formannráðsfundinum í aðdraganda ársþingsins. Sjá nánar bls. 4.

Næst á dagskrá hjá BKR

Yfirlit yfir næstu viðburði á vegum BKR sjá bls. 5.



BKR afhentir styrk til ritunar MA ritgerðar - Birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum

Arnhildur Hálfánardóttir, meistaraneimi í blaða- og fréttamennsku, hlaut á dögunum styrk frá BKR að upphæð kr. 300.000 til að skrifa meistararitgerð um birtingarmyndir kvenna í íslenskum fjölmiðlum.



Vinna að nýrri stefnuskrá BKR

Fimmtudaginn 24. október var haldinn haustfundur Bandalags kvenna í Reykjavík. Fundurinn var helgaður stefnumótun og umræðum um hlutverk og framtíðarsýn fyrir BKR í tengslum við nýja stefnuskrá BKR.

MYNDIR FRÁ STARFINU



Úthlutun úr Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna 2013

29. ágúst 2013 voru afhentir 20 styrkir úr starfsmenntunarsjóði ungra kvenna að upphæð 2,2 milljónir króna.



Samfélagsverðlaun Landsbankans

Bandalag kvenna í Reykjavík hlaut samfélagsverðlaun Landsbankans þann 4. júlí sl. fyrir Starfsmenntunarsjóð ungra kvenna. Styrkurinn var að upphæð 250 þús. kr. Sjá mynd fyrir neðan.



Gleðigjafanir á góðri stundu –
Gleðigjafarnir heimsækja
reglulega 10 heimili eldri
borgara og sjá um skemmtun.



Ragnhildur Einardóttir og Dagmar Sigurðardóttir, formaður Hvítabandsins, afhentu rausnarlega gjöf Ragnhildar til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna. Styrkurinn safnaðist í tilefni af stórafmæli hennar í sumar. Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, formaður BKR, tók við gjöfinni fyrir hönd Starfsmenntunarsjóðsins.

Jólafundur BKR og fjáröflun fyrir Starfsmenntunarsjóð ungra kvenna

Jólafundur BKR var haldinn fimmtudaginn 21. nóvember að Hallveigarstöðum. Samkvæmt venju sá Ásdís okkar um veitingarnarnar af mikilli snilld. Húsið var opnað kl. 19:00 og boðið upp á jólaglögg. Formlegur fundur hófst kl. 19:30.

og söfnuðust yfir 100 þúsund krónur á fundinum.

Mörg fyrirtæki gáfu vinninga fyrir happdrættið og má sjá yfirlit yfir þau á heimasíðu BKR.

Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, formaður BKR, var með stutt ávarp um skrif Ingibjargar Benediktsdóttur árið 1914 í Mánaðarrit Lestrarfélags kvenna í Reykjavík um stöðu kvenna. Ingibjörg Rafnar setti skrif nöfnu sinnar í samhengi við þau atriði sem fram koma í metsölubókina Stígum fram eftir Sheryl Sandberg, en sömu áherslunar koma fram í báðum ritunum þó 100 ára tímamunur sé á þeim.

Sigrún Pálsdóttir, rithöfundur og sagnfræðingur fjallaði um bókina sína Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga við góðar móttökur fundargesta.

Þá afhenti Dagmar Sigurðardóttir, formaður Hvítabandsins og Ragnhildur Einardóttir veglegan styrk Ragnhildar sem safnaðist í tilefni 80 ára afmælis hennar í haust.

Að lokum fór fram árlegt jólahappdrætti BKR til styrktar Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna



Sigrún Pálsdóttir, rithöfundur og doktor í sagnfræði las á jólafundinum úr bók sinni, Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga.

Haustfundur BKR

Þann 24. Október 2013 var haldinn haustfundur BKR sem var að þessu sinni helgaður stefnumótun.

Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, formaður BKR, setti fundinn og fjallaði stuttlega um störf félagsins frá stofnun. Mikil breyting hefur orðið á störfum BKR og aðildarfélaganna í gegnum árin, ríki og borg tekið yfir mörg af þeim verkefnum sem kvenfélögin höfðu frumkvæði að. Einnig hafa átt sér stað breytingar á skipulagi BKR, m.a. úrsögn félagsins úr Kvenfélagasambandi Íslands.

Þessar breytingar bjóða upp á ný tækifæri og möguleika sem mikilvægt er að skoða nánar og er markmið stjórnar BKR að ný stefnuskrá BKR, sem áætlað er að gildi til næstu 3-5 ára, endurspegli breytt umhverfi og skerpi framtíðarsýn bandalagsins.

Edda Jónsdóttir, markþjálfari var með erindi um mikilvægi markmiðasetningar og samtakamátt kvenna, sjá 7 heilræði Eddu hér til hliðar.

Að erindi Eddu loknu var fundargestum skipt upp í 5 hópa. Eftirfarandi spurningar höfðu verið lagðar til grundvallar hópastarfinu sem m.a. grundvallast á niðurstöðum þeirrar stefnumótunarvinnu sem fram fór innan BKR árið 2012:

- Hvert er hlutverk BKR og hvernig getur stjórn bandalagsins stutt betur við aðildarfélögin? Hvar getum við styrkt starfseminna?
- Hvernig getur BKR aðstoðað aðildarfélögin við fjölgun félagsmanna?
- Fjölgun aðildarfélaga BKR - kostir og gallar?
- 100 ára afmæli BKR - hvar viljum við standa á þeim merku tímamótum - fjöldi félaga og fyrirkomulag starfseminnar? Hvernig komumst við þangað?
- Möguleg samstarfsverkefni aðildarfélaganna og fyrirkomulag?

Meðal þeirra atriða sem fram komu í hópastarfinu var sterkur vilji fundargesta að BKR standi fyrir sameiginlegu verkefni aðildarfélaganna á næsta ári; að BKR skerpi skilaboð sín í t.d. með skýrum ályktunum frá ársþingum og formannaráðsfundum; BKR haldi áfram að efla kynningarstarfsemi sína og standi fyrir námskeiðum fyrir aðildarfélögin.

Stjórn BKR vinnur nú að drögum að stefnuskránni og er gert ráð fyrir að senda formönnum drögin fyrir næsta formannaráðsfund í aðdraganda ársþingsins 2014. Öllum er velkomið að senda hugmyndir og ábendingar til stjórnar BKR á netfangið bandalagkvennarvk@gmail.com

Sjö heilræði Eddu við markmiðasetningu:

1. Aðeins 5% fólks skrifar niður markmið sín en 95% þeirra markmiða sem skrifuð eru niður, verða að raunveruleika. Ef þú vilt ná árangri, er gott að byrja á að skrifa niður markmiðin þín.
2. Settu þér tímamörk og búðu þér til framkvæmdaáætlun. Þannig verða draumar þínir að veruleika.
3. Ef þú vilt breyta aðstæðum þínum – byrjaðu þá að sjálfri þér.
4. Veldu að vera í kringum fólk sem gefur þér byr undir báða vængi.
5. Hafðu trú á því sem þú ætlar þér. Mundu það sem Henry Ford sagði: „Hvort sem þú trúir því að þú getir eða getir ekki – þá hefurðu rétt fyrir þér.“ Ekki gefast upp!
6. Verðlaunaðu sjálfa þig – líka fyrir áfangasigrana. Það er ekki síður mikilvægt að njóta ferðarinnar en áfangastaðarins.
7. Mundu að vera þakklát og treystu á innsæið.

eddacoaching@eddacoaching.is

MYNDIR FRÁ HAUSTFUNDINUM



Edda Jónsdóttir, markþjálfari, frá Edda Coaching fjallaði m.a. um mikilvægi markmiðasetningar.



Hópastarfið á haustfundi BKR



Hópastarfið á haustfundi BKR

Framundan hjá BKR 2014

Margt áhugavert er framundan á nýju ári og má þar nefna opinn fund jafnréttisnefndar um launajafnrétti, opið málþing um birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum, námskeið um fundarsköp, sameignlegt verkefni aðildarfélaga BKR auk hefðbundinnar starfsemi BKR, formannaráðsfundur í lok febrúar og ársþingið í mars.

Nánari upplýsingar verða birtar síðar auk dagsetninga en við hvetjum ykkur til þess að fylgjast með á heimasíðu BKR, www.bkr.is þar sem allar upplýsingar eru birtar með góðum fyrirvara.

Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hafið það sem allra best yfir hátíðirnar,

Jólakveðja,

Stjórn BKR

Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir,
formaður

Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir,
gjaldkeri

Hulda Ólafsdóttir, ritari

Hjördís Hreinsdóttir

Hjördís Jensdóttir

Sigríður Hjálmarsdóttir

Alda Magnúsdóttir



Fréttabréf BKR

Bandalag kvenna
í Reykjavík



Bandalag kvenna í Reykjavík

Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum

Túngötu 14, 108 Reykjavík

Heimasíða: www.bkr.is

Netfang: bandalagkvennarvk@gmail.com